



## FRÉTTABLAÐ SSOVÍ nóvember 2011



**Litlu jól SSOVÍ verða fimmtudaginn 24. nóvember!!!  
Í Reykjavík látið vita í síma 895-5848 Arnhildur eða 868-3633 Svava.  
Á Akureyri í síma 898-0467 Svana eða 895-7333 Katrín**

### Kæru félagar í SSOVÍ

Þá er enn eitt árið að líða og brátt kemur veturn með sínum dásemendum en vonandi hafið þið átt gott sumar og verið dugleg að nudda og nota ykkar einstöku kunnáttu. Í ár var þetta glæsilega nuddmót haldið 29. apríl til 1. maí að Gauksmýri í Húnavatnssýslu, þar áttum við yndislega helgi. Fræðslan var hjá Önnu Svövu Traustadóttur um Drekaleiðina Qigong og hefbundnar kínverskar lækningar, sem var mjög svo áhugavert. Við nudduðum hvort annað, borðuðum hollan og góðan mat og skemmtum okkur konunglega alla helgina.

Aðalfundur félagsins var haldinn á laugardeginum að venju, á honum var rætt um hug félagsmanna um sameiningu svæðameðferðafélaganna og ákveðið að enginn ávinningur væri fyrir okkur af sameiningu að svo stöddu.

Ekki er búið að ákveða hvar við verðum með næsta nuddmót, en ef einhver er með hugmyndir væri það vel þegið að heyra frá ykkur. Svo er spurning hvað við getum gert til þess að auka félagsandann. Dagur Græðara er framundan, fylgist með hvar og hvenær á [www.big.is](http://www.big.is) Alltaf vantar SSOVÍ félagsmenn í nefndir í BÍG, ef einhver er til í að vinna fyrir félagið, endilega hafið samband.

Svo eru það Litlu-jólin okkar, við hérla fyrir norðan ætlum að hafa þau á Ísisi heilsuhofi Kaupangi á Akureyri fimmtudaginn 24 nóvember kl 19:00. Þar mætum við hress og kát, með lítinn jólapakka og eina kræsingu. Í Reykjavík hafið samband við Arnhildi eða Svövu varðandi stund og stað. Sjá bls 2.

Kærleikskveðja  
Svana Kristinsdóttir  
Formaður SSOVÍ

Anna Svava gjaldkeri SSOVÍ er í stjórn NLFÍ. Það er frábært fyrir SSOVÍ að eiga góðann félaga í stjórn NLFÍ og við hvetjum SSOVÍ félaga að ganga í NLFÍ, ef þeir eru ekki félagar nú þegar:)

## **Ein af ályktunum Landsþings Náttúrulækningafélags Íslands 2011 er þessi:**

Hefðbundnar og óhefðbundnar lækningar

Landsþings NLFÍ hvetur til aukinnar samþættingar hefðbundinna lækninga og viðbótarmeðferða. Viðbótarmeðferð vísar til meðferðar sem ekki hefur verið talin hluti af hefðbundinni heilbrigðisþjónustu en sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að nýtist samhliða hefðbundinni meðferð eða sem sjálfstæð meðferð.

---

### **Endurmenntun!**

Hvernig væri að koma ferskur og finn á nuddmót í vor!

Við ætlum að hafa endurmenntunar námskeið í febrúar! Vegna skipulagningar þurfum við að vita hverjir hafa áhuga á því að fara gegnum svæðameðferð, orkubrautir, orkupunkta og kannski eitthvað nýtt :)

Sendið tölvupóst á [katjons@internet.is](mailto:katjons@internet.is) eða hrungið í síma 895-7333 og látið vita ef áhugi er fyrir hendi. Það ræðst af viðbrögðum ykkar við þessari auglýsingu hvort af endurmenntunarnámskeiðinu verður.

---

Munið heimasíðuna [www.svaedamedferd.is](http://www.svaedamedferd.is) og þar geta fullgildir SOVfræðingar skráð sig. Látið vita um ný og breytt netföng!!! Munið að þið getið sett litlar auglýsingar í fréttablað SSOVÍ og á heimasíðuna.

---

Auglýsing:

### **Face lift massage (andlitsnudd)**

Meðferð til betra útlits og vellíðunar.

Hentar öllum aldurshópum og báðum kynjum.

Engin krem eða olíur.

#### **Gjafabréf – góð gjöf**

Kem út á land.

Arnhildur S. Magnúsdóttir, sími 895-5848

Reykjavík

---

***Við sendum bestu óskir um góða og friðsæla aðventu,  
kær kveðja Svana, Anna Svava og Bergljót***